

Ed. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson.

I. KAFLI

Um Togaraútgerð ríkisins.

1. gr.

Sett skal á stofn og starfrækt útgerð fiskiskipa undir nafninu Togaraútgerð ríkisins. Ríkissjóður leggur útgerðinni til 100 milljónir króna sem óafturkræft stofnfjárframlag. Ríkissjóður ber einungis ábyrgð á skuldbindingum Togaraútgerðar ríkisins með stofnfjárframlagi sínu eða samkvæmt því, sem heimilað er sérstaklega í lögum.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast lán allt að 300 milljónum króna, sem Togaraútgerð ríkisins tekur til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipa útgerðarinnar.

3. gr.

Togaraútgerð ríkisins lætur byggja togara eða önnur fiskiskip, og ákveður stjórn útgerðarinnar fjölda þeirra, stærð og gerð, að fengnu samþykki sjávarútvegs-
málaráðherra. Skulu þau, eftir því sem unnt er, byggð innanlands.

4. gr.

Útgerðin heldur skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem best fiskimiðin og stuðla með því að öflun hráefnis fyrir fiskiðnað landsmanna. Við ákvörðun um, hvar afla skuli landað, skal höfð hliðsjón af atvinnuástandi einstakra byggðarlaga, sem til greina koma.

5. gr.

Heimilt er stjórn Togaraútgerðarinnar að taka skip á leigu til bráðabirgða og gera út til hráefnisöflunar fyrir tiltekna staði.

6. gr.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum: Fjórum, sem Alþingi kýs. Tveim, sem skipshafnir á skipum Togaraútgerðar ríkisins tilnefna, og skal annar vera frá yfirmönnum, en hinn frá öðrum skipverjum. Ráðherra setur nánari reglur um þessa tilnefningu. Sjöunda stjórnarmanninn skipar sjávarútvegsmálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákvæður laun hennar. Umboð stjórnarinnar skal vera til 4 ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að hafa á hendi daglega stjórn útgerðarinnar. Hefur hann prókúruumboð, en hlíti að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem stjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda útgerðina þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Verði rekstrarhagnaður hjá Togaraútgerðinni, skal hann allur lagður í framkvæmdasjóð fyrirtækisins.

8. gr.

Stjórnin skal gera reikningsskil fyrir hvert ár svo fljótt sem auðið er, og skulu reikningar endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem sjávarútvegsmálaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Að henni lokinni skulu reikningar, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og með áritun endurskoðenda, sendir ráðherra til staðfestingar, en síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nú telur stjórn Togaraútgerðarinnar eigi lengur þörf á því, að hún geri út togara til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar, og er henni þá heimilt, að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra, að selja fiskverkunarstöðvum og félagssamtökum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara sína, enda skuldbindi kaupandi sig til að leggja upp afla hjá tilteknum fiskvinnslustöðvum. Þá skal togaraútgerðin jafnan eiga og gera út a. m. k. 4 togara.

II. KAFLI

Um stuðning við útgerð sveitarfélaga.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 50 millj. kr. til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Í engu félagi skal hlutafjárframlag ríkisins nema meira en 40%. Þó skal ríkið og sveitarfélagið jafnan hafa þar meiri hluta.

11. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% stofnkostnaðar.

III. KAFLI Önnur ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuleysi var um langt skeið nær óþekkt hér á landi, nema hvað árstíða-bundinn atvinnuskortur kom fyrir á stöku stað. Í því efni urðu snögg umskipti á síðasta ári. Síðastliðinn vetur varð hér stórkostlegt og almennt atvinnuleysi. Nú í sumar, um hábjargræðistimann, hefur verið hér verulegur atvinnuskortur. Hafa nær 1000 manns lengst af verið skráðir atvinnulausir. Auk þess hafa menn leitað til annarra landa í atvinnuleit, svo að hundruðum skiptir. Ástæða er til að óttast geigvænlegt atvinnuleysi í vetur, nema sérstakar ráðstafanir til úrbóta séu gerðar þegar í stað. Þær ráðstafanir, sem til þessa hafa verið gerðar af opinberri hálfu, hafa ekki nægt til að vinna bug á atvinnuleysinu. Þar þarf meira til.

Flestir munu sannmála um, að einskis megi láta ófreistað til að afstýra böli atvinnuleysis. Flestir munu játa, að atvinnuöryggi verði að tryggja. Annað sé ekki sæmandi í velferðarþjóðfélagi. Spurningin er aðeins sú, til hvaða úrræða sé skynsamlegast að gripa, hverjar ráðstafanir séu skjótvirkastar og líklegastar til að bæta atvinnuástandið.

Þar verða fyrst fyrir fiskveiðar og fiskiðnaður. Í þeim atvinnugreinum þarf mikinn mannafla. Aukning í fiskiðnaði skapar þegar í stað mikla atvinnu. Í mörgum kaптúnunum og sjávarplássunum er úrvinnsla sjávarafurða undirstaða atvinnulífsins. Séu fiskvinnslustöðvarnar í fullum gangi, er atvinnulífinu á þeim stöðum borgið.

Það er því höfuðatriði, að allar fiskvinnslustöðvar séu nýttar sem bezt og fiskiðnaðurinn aukinn og eflur. Meginforsenda þess er, að nægilegs hráefnis sé aflað. En á því er víða misbrestur. Margar fiskvinnslustöðvar hefur skort hráefni, sérstaklega á vissum árstímum, og hafa þess vegna ekki skilað fullum afköstum og eigi veitt þá atvinnu, sem ella hefði verið hægt. Á þessu þarf að ráða bót. Það þarf að gera allt, sem unnt er, til að tryggja fiskvinnslustöðvum, hvar sem er á landinu, nægilegt hráefni, og vinna þannig að því, að afkastageta þeirra nýtist sem bezt allt árið. Hvernig verður það bezt gert?

Togarar eru langsamlega afkastamestu tækin til hráefnisöflunar. Með útgerð hæfilega margra og vel búinna togara er bezt tryggt, að hraðfrystihúsin og aðrar fiskvinnslustöðvar hafi jafnan nægilegt verkefni. Vitaskuld á eftir sem áður að nota önnur fiskiskip og smærri báta til veiða fyrir fiskvinnslustöðvar. En sé treyst á veiðar þeirra eingöngu, er hætt við því, að á ýmsum stöðum verði meiri eða minni eyður í hráefnisöflunina. Togararnir þurfa að brúa bilið, tryggja fiskifang á hvaða tíma sem er, og þótt lengra þurfi að sækja aflann, en oft getur fiskur brugðizt á grunnmiðum. Það þarf því togara til að tryggja fulla hagnýtingu fiskvinnslustöðvanna og þar með atvinnuöryggi fólksins.

En togaraútgerðin hefur átt í vök að verjast síðustu árin. Það má segja, að hún hafi háð erfiða varnarbaráttu. Skömmu eftir 1950 voru togarar hér á landi nálægt því 60 að tölu. Síðan fór þeim að fækka. Á síðasta áratug hefur þeim fækkað um meira en helming. Nú eru hér ekki nema um það bil 20 togarar. Þeir eru flestir gamlir og úreltir og margir raunar alveg á síðasta snúningi. Ef svo heldur fram sem nú horfir og ekkert verður gert til endurnýjunar togaraflotans, virðist þess skammt að biða, að togaraútgerð leggist niður á Íslandi. Það má fyrir margra hluta sakir aldrei verða. Hér þarf alltaf að verða einhver togaraútgerð. Við þurfum

að eignast fullkomna nýtizku togara. En núverandi togaraeigendum virðist, eins og sakir standa, um megn að endurnýja togaraflotann. Þeir sýnast ekki hafa bolmagn til þess. Hvað er þá til ráða? Þjóðfélagið verður að skerast í leikinn. Hið sameinaða þjóðfélagsafli verður að koma til sögunnar og leysa vandann. Ríkið á að láta byggja nokkra togara, sem svara kröfum tímans, og hefja útgerð þeirra til þess fyrst og fremst að tryggja fiskvinnslustöðvunum nægilegt hráefni allan ársins hring. Til að byrja með þyrfti að athuga um kaup á einhverjum togurum, sem gætu komið strax í gagnið. Þannig á almannavaldið að stuðla að atvinnuöryggi og atvinnujöfnun í landinu.

Með þessi atriði í huga er það frumvarp, sem hér liggur fyrir, flutt.

Frumvarpið fjallar um Togaraútgerð ríkisins og stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um Togaraútgerð ríkisins og að ríkissjóður leggi henni til sem óafturkræft stofnfjárframlag 100 milljónir króna. Er ábyrgð ríkissjóðs vegna útgerðarinnar takmörkuð við þetta stofnfjárframlag, nema að því leyti sem sérstakar heimildir verða veittar til frekari ríkisábyrgðar. Er slík heimild veitt í 2. gr. vegna lántöku til skipabygginga, en hún er takmörkuð við 300 milljónir króna.

Að sjálfsgöðu er gert ráð fyrir því, að Togaraútgerðin eigi sama rétt og aðrir til lána úr opinberum sjóðum til skipasmíða.

Í 4. gr. er ákveðið, að togaraútgerðin skuli halda skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem best fiskimiðin, tryggja fiskiðnaðinum nægilegt hráefni og stuðla þannig að atvinnuaukningu og atvinnuöryggi.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum. Formanninn skipar sjávarútvegsmálaráðherra án tilnefningar, 4 eru kosnir af Alþingi, en áhafnir skipanna — yfirmenn og undirmenn — tilnefna 2 eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Þykir eðlilegt að veita skipverjum aðild að stjórn útgerðarinnar með þessum hætti.

Ákveðið er, að skip útgerðarinnar skuli smíðuð hér innanlands, eftir því sem unnt þykir. Á slíkt að stuðla að aukinni atvinnu í landinu og verða hinum innlenda skipasmíðaiðnaði til eflingar. Gætu slíkar skipasmíðar þegar í stað orðið til atvinnuaukningar. Ef hægt væri að kaupa einhver skip strax, þyrfti að gera það til að auka þegar í stað hráefnisöflunina. Jafnframt er stjórninni heimilað að taka skip á leigu til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir því, að fyrst og fremst verði smíðaðir togarar, en þó er frumvarpið ekki einskorðað við þá. Það getur einnig átt við önnur fiskiskip, ef þau þættu einhvers staðar hentugri. En vitaskuld verða það fyrst og fremst stærri skip, sem hér koma til greina.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru ekki sérstakir talsmenn ríkisrekstrar. Þeir telja almennt heppilegra, að atvinnutækin séu í einkaeign og rekin af einstaklingum eða félögum. En þegar einkaaðila eða félagssamtök brestur bolmagn til að eignast og starfrækja nauðsynleg framleiðslutæki, er óhjákvæmilegt að grípa til ríkisrekstrar, a. m. k. um tíma. Þannig er nú að okkar dómi hátt að í málefnum togaraútgerðarinnar. Þess er alls ekki að vænta, að nein endurnýjun eða aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkið beiti sér fyrir smíði togara og útgerð þeirra, svo sem hér er gert ráð fyrir. En landsmenn mega ekki við því að missa þessi fengsælu framleiðslutæki, sem oft hafa verið styrkasta stoðin undir atvinnulífi þeirra. En auk þess er það svo, að ef að er gáð, þá er hér í raun og veru um að ræða stuðning við einkarekstur. Með togaraútgerð ríkisins er fyrst og fremst stutt við bakið á fiskvinnslustöðvunum, en þær eru yfirleitt í einkaeign og einkarekstri.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að stefna eigi að því, að útgerð togara verði í framtíðinni fyrst og fremst í höndum félagssamtaka og einstaklinga. Þess vegna er í 9. gr. veitt heimild til að ráðstafa togurum ríkisútgerðar til einkaaðila að þeim skilyrðum fullnægðum, sem þar greinir. Um slíkt verður þó tæplega að ræða, nema aðstaða togaraútgerðar verði bætt frá því, sem nú er.

II. kafli þessa frumvarps fjallar um stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga. Samkvæmt 10. gr. er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 50 milljónum króna til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Á allmörgum stöðum eru heimamenn fyrir forgöngu sveitarstjórna að reyna að stofna samtök til skipakaupa. Slík viðleitni er viðurkenningarverð. En hún er því miður víðast hvar af fullkomnum vanefnum gerð. Þátttaka ríkisins í slíkum félögum gæti verið ómetanlegur styrkur og raunar ráðið úrslitum um það, hvort fyrirhuguð skipakaup takast. Með þessum hætti getur ríkið ýtt undir framtak og sjálfsbjargarviðleitni heimamanna. Flutningsmenn telja sjálfsgagt, að ríkið fari inn á þessa braut og rétti á þennan hátt þessum almennasamtökum örvandi hönd.

Í 11. gr. er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum þeim, er hér um ræðir, til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% af stofnkostnaði, en að sjálfsögðu er gengið út frá því, að þessi útgerðarfélög njóti fullra lánsréttinda í Fiskveiðasjóði.

Ekki er ástæða til að skýra einstakar frumvarpsgreinar frammar en gert hefur verið.

Nánari grein fyrir málinu verður gerð í framsögu.